

Fundargerð 95. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2024, miðvikudaginn 13. mars kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Benedikt Traustason, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Stefán Aspar Stefánsson og Steinþór Þórðarson.

Að auki sátu fundinn Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Hugrún Geirsdóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA

Fundargerð 94. fundar samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla sambandsins vegna verkefna 2023 - 2201030SA

Sambandið hefur skilað skýrslu til umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis (URN) um verkefni ársins 2023. Skýrslan hefur tvíþætt markmið. Hið fyrra er að gera grein fyrir verkefnum samkvæmt samstarfssamningi um verkefni á sviði umhverfismála, EES-hagsmunagæslu o.fl. Hið síðara er að gera sérstaklega grein fyrir verkefnum um innleiðingu hringrásarhagkerfis sem styrkt hafa verið af ráðuneytinu. Sambandið og URN hafa að undanfögnu unnið að gerð nýs samstarfssamnings þar sem núgildandi samningur er runninn út. Skýrslan var lögð fram til kynningar fyrir verkefnisstjórn og hún hvött til að kynna sér efni hennar.

3. Forsendur lítilla brennsla hérlendis - 2009109SA

Inn á fundinn kom Svana Helen Björnsdóttir, verkfræðingur og stjórnarmaður í SORPU bs., og kynnti minnisblað um örbrennslur, dags. 13. febrúar sl. Minnisblaðið byggir á ferð nokkurra sveitarfélaga til fyrirtækisins Ferroplan í Finnlandi þar sem slíkri brennslustöð hefur verið komið upp. Stöðin flokkast sem tilrauna- og nýsköpunarverkefni og er áhugaverð sem slík. Það sem einkennir stöðina er að allir partar hennar eru gámabyggðir og færanlegir. Stöðin tekur við smærra efni, forhreinsoðu og forunnu en efnið þarf að vera þurr til að geta brunnið en lítið þarf til að stífla brennsluna. Áhugavert er að ekkert eftirlit er með brennslunni þar sem lítið er á þetta sem nýsköpunarverkefni og nýtur velvildar bæjarfélagsins. Gögn liggja ekki fyrir um að stöðin uppfylli kröfur um orkunýtingu þannig að brennsla úrgangans geti talist til endurnýtingar í stað förgunar. Beinn kostnaður við slíka brennslu er áætlaður um 640-820 m. ísl. kr. Í minnisblaðinu kemur fram að brennslustöð af þessu tagi myndi kalla á hliðgjöld upp á 59-72 kr./kg. án

óvissu, vaxtakostnaðar og arðsemiskröfu. Yrði stöðin því vart samkeppnishæf við útflutning m.v. nógildandi forsendur. Stöðin er þróuð af aðila sem er að leita sér að fyrsta kaupanda og væri þetta verkefni því meira í þágu rannsókna og prófana. Framleiðandi hefur komið því á framfæri við ritun minnisblaðsins að möguleikar séu fyrir hendi á að lækka rekstrarkostnað.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir áhugaverða og greinargóða kynningu. Ljóst er af niðurstöðu minnisblaðsins að uppsetning á slíkri örbrennslu sem var til skoðunar er ekki raunhæf eins og staðan er í dag. Kostnaður yrði íþyngjandi, hliðgjöld ekki samkeppnishæf og kröfur um forvinnslu úrgangsins verður þess valdandi að brennslan yrði ekki sú heildarlausn sem kallað hefur verið eftir. Óljóst er hversu mikið af brennanlegum úrgangi geti raunverulega hentað í örbrennslu sem þessa, t.d. virðist sláturúrgangur ekki henta. Verkefnisstjórn fagnar öllum nýjum upplýsingum um fýsileika þess að setja upp brennslustöðvar með orkunýtingu hér á landi sem samræmast kröfum um innleiðingu hringrásarhagkerfis. Verkefnisstjórn beinir því til sambandsins að efni minnisblaðsins sé miðlað til sveitarfélaganna.

4. Starfsleyfi og eftirlit með urðunarstöðum - 2401038SA

Málið var síðast tekið fyrir á fundi verkefnisstjórnar 19. febrúar sl. þegar sérfræðingar Umhverfisstofnunar kynntu ábendingar stofnunarinnar í bréfi til sambandsins, dags. 30. janúar sl., um meðhöndlun mengaðs jarðvegs. Stofnunin vildi með bréfinu vekja athygli á atriðum er varða ábyrgð og skyldur sveitarfélaga m.t.t. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og væntanlegs regluverks frá Evrópusambandinu um mengaðan jarðveg (e. soil monitoring law).

Verkefnisstjórn telur áhyggjuefni sá litli fyrirvari sem Umhverfisstofnun gefur sveitarfélögum til að koma á viðeigandi meðhöndlunarleið fyrir mengaðan jarðveg sem stenst nógildandi viðmið stofnunarinnar. Á sama tíma hafa leiðbeiningar um endurnýtingu jarðvegs ekki enn litið dagsins ljós sem munu m.a. leiðbeina um hvenær jarðefni teljast spilliefni og hvenær þau séu hæf til endurnýtingar. Ljóst er að móttaka og meðhöndlun ýmissa úrgangsflokka, s.s. úrgangi úr uppgreftri, olíuskiljum og sandföngum, verður í uppnámi ef fyrirætlanir Umhverfisstofnunar ná fram að ganga. Að mati verkefnisstjórnar er illskárra að mengaður úrgangur rati inn á urðunarstaði á meðan unnið er að því að finna þessum úrgangi farveg sem uppfyllir nógildandi kröfur heldur en að afsetja hann á ótilgreindum og jafnvel óvöktuðum svæðum. Einnig er óljóst hvernig eftirliti verður háttað til að tryggja að mengaður jarðvegur skili sér sannanlega til viðeigandi meðhöndlunar þegar til þess kemur og því er hætta á að sú innviðauppygging sem sveitarfélögum er gert að koma upp nýtist ekki sem skyldi. Mengaður jarðvegur getur verið tilfallandi en ekki jafn þáttur í rekstri urðunarstaða og sveitarfélög sum hver hafa litla burði til að koma upp viðeigandi búnaði skili hann ekki tekjum í móttökugjöldum. Verkefnisstjórn beinir því til Umhverfisstofnunar og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins að gefa sveitarfélögum tíma til að bregðast við og varpa sem fyrst ljósi á hvaða reglur gilda um meðhöndlun mengaðs jarðvegs.

5. Starfsemi og aðalfundur FENÚR - 2009108SA

Aðalfundur og vorráðstefna Fagráðs um endurvinnslu og úrgang (FENÚR) verður haldinn mánudaginn 18. mars næstkomandi. Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri Sorpurðunar Vesturlands og formaður FENÚR, og Líf Lárusdóttir, starfsmaður félagsins, sögðu frá starfssemi félagsins og hvað er framundan á árinu. FENÚR hefur hýst og verið með umsjón með innleiðingu á samnorrænum flokkunarmerkingum úrgangstegunda fram til þessa en samningur um verkefnið við sambandið rann út um síðustu áramót. Félagið er að skoða starfsemi sína og hvernig það getur áfram verið sameiginlegur vettvangur samtals á milli aðila er starfa að úrgangsmálum á Íslandi.

6. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Kostnaðarpátttaka Úrvinnslusjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar vara og umbúða á ábyrgð sjóðsins er minni er áætlað var og kostnaðarmat laga nr. 103/2021 frá 2021 ætlar ekki að ganga eftir. Í júní 2023 greiddi Úrvinnslusjóður í fyrsta skipti sveitarfélögum fyrir sérstaka söfnun á vörum og umbúðum á ábyrgð sjóðsins, en árið 2021 tóku lög nr. 103/2021 gildi þar sem gerðar voru umtalsverðar breytingar á úrgangsstjórnun sveitarfélaga og kröfur hertar. Úrvinnslusjóður útfærði kostnaðarpátttöku sína skv. lögum þannig að greitt er fyrir að koma á söfnun við heimili og á grenndar- og söfnunarstöðvum. Samkvæmt frumgreiningu sambandsins á upplýsingum Úrvinnslusjóðs hafa öll sveitarfélög fengið einhverjar greiðslur úr sjóðnum vegna sérstakrar söfnunar og nema greiðslurnar fyrir árið 2023 í heild 738 m.kr. Alls hafa 60 sveitarfélög fengið greiðslur vegna sérstakrar söfnunar við heimili, 30 vegna söfnunar á grenndarstöðvum og 51 vegna söfnunar á söfnunarstöðvum. Ef miðað er við íbúafjölda þá eru lægstu greiðslurnar 393 kr. á íbúa og hæstu 14.472 kr. á íbúa. Í kostnaðarmatsverkefni sambandsins, sem nú stendur yfir með pátttöku fimm sveitarfélaga, verður betra ljósi varpað á kostnað sveitarfélaga á meðhöndlun úrgangs og kostnaðarpátttöku sjóðsins. Lilja Magnúsdóttir og Ólafur Þór Ólafsson frá Tálknafjarðarhreppi og Gerður Sveinsdóttir frá Vesturbyggð komu inn á fundinn til að ræða kostnaðarpátttöku sjóðsins í söfnun og annarri meðhöndlun á úrgangi á ábyrgð Úrvinnslusjóðs. Athugun sveitarfélaganna á greiðslum sjóðsins leiðir í ljós að tölur sem birtar eru á vef Úrvinnslusjóðs og skilagreinar verktaka passa ekki saman. Greiðslur sjóðsins byggjast, skv. ákvörðun stjórnar Úrvinnslusjóðs, á hlutfalli sem fengið var með úrtakskönnunum sem sjóðurinn stóð sjálfur að og samkvæmt heimatilbúinni aðferðarfræði. Skekkjan í slíkum könnunum getur verið stór og sveiflað miklum peningum til og frá fyrir sveitarfélögin. Sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum hafa tekið nýjum kröfum um úrgangsstjórnun sveitarfélaga í lögum nr. 103/2021 föstum tókum allt frá upphafi en þar hafa íbúar verið að greiða hlutfallslega meira fyrir úrgangspjónustu en víða annarsstaðar vegna dreifbylis og langra flutningsleiða. Fyrst og fremst er það markmið sveitarfélaganna að finna leiðir til að lækka kostnað við meðhöndlun úrgangs og að íbúar njóti góðs af því ef þeir standa sig vel. Mikill vilji sé fyrir hendi að kostnaðarpátttaka Úrvinnslusjóðs verði eins og lagt var upp með í lögum nr. 103/2021.

Verkefnisstjórn þakkar fulltrúum sveitarfélaganna Tálknafjarðar og Vesturbyggðar fyrir innkomu á fundinn og að reifa athuganir sínar á

kostnaðarþátttöku Úrvinnslusjóðs vegna sérstakrar söfnunar sveitarfélaganna á vörum og umbúðum á ábyrgð sjóðsins. Verkefnisstjórn tekur undir áhyggjur sveitarfélaganna um fyrirkomulag greiðslna sjóðsins og verklag við gerð úrtakskannana sjóðsins sem virðist vera handahófskennt. Eðlilegt er að framkvæmdin sé í höndum Umhverfisstofnunar eins og tíðkast víða erlendis. Verkefnisstjórn leggur áherslu á að sveitarfélögin eru ólík og horfa þarf til aðstæðna í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Verkefnisstjórn beinir því til sambandsins að gera tillögu að kostnaðarmódeli sambærilegu því sem þekkt er t.d. í Svíþjóð og leggja fyrir verkefnisstjórn.

7. Endurskoðun hönnunarviðmiða - 2401033SA

Reykjavíkurborg vinnur að því að endurskoða hönnunarviðmið í kringum sérstaka söfnun við heimili frá 2019 vegna breytinga sem hafa orðið á sérstakri söfnun. Málið tengist fyrirhuguðum breytingum á gr. 6.12.7 og gr. 6.12.8 byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sem var til umfjöllunar á fundi verkefnisstjórnar 19. febrúar sl., en breytingarnar hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun lagt til að verði hluti af 14. breytingu á reglugerðinni.

Máli frestað til næsta fundar.

8. Sérstök söfnun lífúrgangs - 2403009SA

Sambandinu hefur borist fyrirspurnir frá sveitarfélögum víða um land um hvaða leiðir þeim eru færar við að draga úr kostnaði við sérstaka söfnun og aðra meðhöndlun á lífúrgangi sem gerð er krafa um í lögum nr. 103/2021. Ingimar Ingimarsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs hjá Þingeyjarsveit, kom inn á fundinn til að segja frá rýni á kostnaði við sérstaka söfnun og meðhöndlun á lífúrgangi og hvaða leiðir eru til skoðunar við að meðhöndla lífúrgang hjá Þingeyingum. Þingeyjarsveit er víðfemt sveitarfélag þar sem hirðuhringur úrgangs er ansi stór. Kostnaður við meðhöndlun úrgangs myndi hækka verulega við að sækja lífúrgang á hvert heimili og því er áhugi fyrir að leita annarra leiða við að meðhöndla þennan úrgang sem einnig eru góðar út frá umhverfissjónarmiðum. Sveitarfélagið er með til skoðunar að styrkja heimilin um kaup á minni jarðgerðarvélum og hefur hleypt af stað tilraunaverkefni. Jarðgerðarvélnar geta verið hluti af lausninni, minnkað rúmmál og sparað akstur. Meðhöndlun á lífúrgangi á stærri skala fer aðeins fram á tveimur stöðum á landinu, í gas- og jarðgerðarstöðinni Gaja sem annar um 36.000 tonnum af lífrænum úrgangi, og í Moltu við Eyjafjörð, sem annar um 10-12.000 tonnum. Rætt var um að flutningsjöfnun fyrir sveitarfélög sem þurfa að safna og flytja lífúrgang langar vegalengdir mætti kanna í þessu samhengi og mætti skoða sem jöfnunartæki fyrir sveitarfélög sem þurfa að bera mikinn kostnað af víðeigandi meðhöndlun.

9. Önnur mál - 2009111SA

Opið er fyrir skil á umsögnum við drög að frumvarpi um sameinaðan Loftslags- og orkusjóð á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um Orkusjóð nr. 76/2020 og lögum um loftslagsmál nr. 70/2012. Meginhlutverk nýs Loftslags- og orkusjóðs verður að styðja við nýsköpunar- og innviðaverkefni á sviði loftslagsmála,

orkunýtingar og hringrásarhagkerfis. Sérfræðingar sambandsins sögðu frá því að sambandið hyggt senda inn umsögn um frumvarpið og fylgja eftir fyrri umsögnum við áformaskjal frumvarps.

Jón Viggó Gunnarsson, sem situr sem fulltrúi sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs, bar undir verkefnisstjórn erindi frá Úrvinnslusjóði er varðar úthlutun greiðslna vegna söfnunar á víðavangi. Sjóðurinn hefur óskað eftir tillögum um hvernig verklag við úthlutun greiðslna ætti að vera þar sem ólíkar forsendur gætu átt við mismunandi svæði.

Næsti fundur verður staðfundur, haldinn mánudaginn 22. apríl frá kl. 11-14.

Fundi var slitið kl. 12:30

Jón Viggó Gunnarsson

Benedikt Traustason

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson

Steinþór Þórðarson